

Vegagerðin
Magnús Björnsson
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2006050077
7620; 9310

Reykjavík, 17. ágúst 2006
/--

Efni: Hringvegur um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal, Fljótsdalshéraði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 13. júlí 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging Hringvegur um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal, Fljótsdalshéraði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðis-efirlits Austurlands, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 10. ágúst 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. júlí 2006, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 3. ágúst 2006, Landbúnaðarstofnun veiðimálastjórn með bréfi dags. 26. júlí 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. júlí 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvupósti 1. og 9. ágúst 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé endurbygging á um 4,3 km löngum vegkafla á Hringvegi, frá Haugaá að norðurenda Skriðuvatns. Markmið framkvæmdarinnar sé að auka umferðaröryggi með því að rétta úr veginum og setja í hann ræsi í stað einbreiðra brúa yfir Haugaá og Vatnsdalsá. Í Haugaá verði sett tvö stálroraræsi, 3 m í þvermál hvort, grafin niður í árbotninn og þarf að móta farveg árinna neðan vegarins á stuttum kafla. Veglína helst óbreitt að aurkeilu Vatnsdalsár en ræsi verður sett í hana um 200 m neðan núverandi brúar og byggður nýr vegur yfir aurkeilu beggja vegna árinna á um 700 m kafla. Efni verður ekið í mestan hluta nýja vegarins en skeringar verða í áreyrarnar norðan Vatnsdalsár og við norðurenda Skriðuvatns. Í Vatnsdalsá verður sett 3,6 m hátt ellipsulagað stálplöturæsi með 6 m botnbreidd og 29 m botnlengd. Þar sem talsverður framburður er í ánni er ráðgert að setja um 100 sm þykkt lag af

steypu í botn ræsisins. Neðan vegarins verði farvegur árinna færður til norðurs á um 350 m kafla. Á þeim kafla sem núverandi veglína verður fylgt verði burðarlag styrkt þannig að vegurinn hækki um 30-50 sm og klæðning sett á veginn. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði af vegtegund C1, um 7,5 m breiður, hönnunarhraði hans verði 90 km/klst og áætlað að framkvæmdum ljúki seinni hluta sumars 2007. Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að möguleiki sé á því að framkvæmdinni verði áfangaskipt og að ræsi í Haugaá og hluti vegar í nágrenni Vatnsdalsá verði tekið í seinni áfanga. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið og með henni muni umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

Efnispörf. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætluð efnispörf sé um 49.400 m³. Áætlað er að um 1,100 m³ af efni verði fengnir úr námu í farvegi eða áreyrum Grímsár. Um 25.500 m³ úr farvegi Vatnsdalsár þar sem fyrirhugað sé að móta um 2 - 2,5 m djúpan, 30-35 m breiðan og 300-350 m langan nýjan farveg fyrir ána í samráði við eigendur Vatnsskóga og að þeirra ósk. Áformað er að fá um 17,600 m³ af efni úr tveimur námum í farvegi Haugaár, ofan og neðan vegarins. Ofan vegarins verði náma opnuð á ógrónum áreyrum og gert ráð fyrir að vinna efni niður um 2 metra. Neðan vegarins sé gert ráð fyrir að taka efni úr farvegi árinna eins og gert hefur verið reglulega undanfarna áratugi og lagfæra farveginn þar sem áin hafi færst suður og veldur landbroti.

Fram kemur að reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur. Við uppgræðslu verði farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð verði, þurfi að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Að ósk landeigenda verði núverandi brú yfir Vatnsdalsá og vegur við hana látin standa áfram og muni vegurinn nýtast því sem hluti af reiðvegi í framtíðinni og áin haldast betur í farvegi sínum.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á Náttúruminjaskrá og grannsvæði vatnsverndar skv. Aðalskipulagi Austur Héraðs 2002 – 2017.

Áhrif á landslag og jarðmyndanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa áhrif á landslag þar sem veglínan fari um óraskað land á um 700 m löngum kafla við Vatnsdalsá og þar sem dýpkaður verði farvegur neðan vegarins. Einnig muni efnistaka úr farvegi Haugaár ofan vegarins hafa áhrif á landslag þar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið er á grannsvæði vatnsverndar við Vatnsdalsá og svæði á náttúruminjaskrá samkvæmt Aðalskipulagi Austur Héraðs (Fljótsdalshéraðs í dag) 2002-2017.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Landbúnaðarstofnun og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og að hún skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Bæjarráð Fljótsdalshéraðs bendir á að framkvæmdin sé innan vatnsverndarsvæðis og svæðis sem er á náttúruminjaskrá en hún bæti mikið úr umferðaröryggi og minnki hættuna á umferðar- og mengunarslysum. Vegstæði innan Haugahóla breytist ekki og því sé náttúruminum ekki raskað en framkvæmdin sé nauðsynleg út frá umferðaröryggi. Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) bendir á að í útboðsgögnum þurfi, auk kröfu um að verktakar fari að lögum og reglum, að kynna fyrir mæli HAUST varðandi vinnu á vatnsverndarsvæði þannig að verktakar geti tekið tillit til hugsanlegs aukakostnaðar þegar boðið er í verkið. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að haga framkvæmdum í samræmi við það verklag sem tíðkast á grannsvæði vatnsverndar.

Vegagerðin tekur fram í frekari upplýsingum sínum að samráð verði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands um framkvæmdina þar sem hún er á grannsvæði vatnsverndar.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að ráðgert sé að taka skeringar við enda Skriðuvatns auk þess sem fyllingar muni ná út í vatnið og telur stofnunin að á þessum stöðum eigi að reyna að víkja eins lítið og kostur er frá núverandi vegi til að forðast frekara rask. Ráðgert sé að láta gamla brú á Vatnsdalsá standa og veginn að henni. Stofnunin telji að fjarlægja eigi aflögð samgöngumannvirki nema viðkomandi mannvirki hafi minjagildi vegna t.d. aldurs, fegurðar eða ótvíræðs notagildis. Í kynningaskýrslu sé ekki sýnt fram á ótvírætt varðveislugildi núverandi brúar á Vatnsdalsá, né vegar að henni og því telur stofnunin að fjarlægja eigi viðkomandi mannvirki sem vart teljast til þrýði í umhverfi sínu.

Vegagerðin bendir á í frekari upplýsingum sínum að við enda Skriðuvatns er í dag varasöm beygja sem verði löguð en reynt sé að fylgja núverandi veglínu eins og kostur er og halda raski í lágmarki. Einhverjar skeringar og fyllingar út í Skriðuvatn séu þó óhjákvæmilegar til að bæta umferðaröryggi en strandlengju Skriðuvatns hafi þegar verið raskað með vegagerð á þessum kafla. Núverandi brú á Vatnsdalsá og vegur við hana verði látin standa áfram að ósk landeigenda, áin haldist þannig betur í farvegi sínum og gert sé ráð fyrir að hægt verði að nýta brúna á reiðvegi síðar.

Áhrif á gróður og fugla. Landbúnaðarstofnun, veiðimálastjórn, bendir á þá skyldu framkvæmdaraðila að leita eftir heimild til veiðimálastjórnar Landbúnaðarstofnunar vegna efnistöku í og við árfarvegi. Einnig sé nauðsynlegt að tryggja að straumhraði í ræsum verði ekki of mikill og þau ræsi sem sett eru í árnar verði vel fiskgeng við meðalrennsli.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbygging á um 4,3 km löngum vegkafla á Hringvegi, frá Haugaá að norðurenda Skriðuvatns. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar eins og henni er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar á umhverfi verði ekki veruleg. Tekið er tillit til þess að framkvæmdin er að

hluta innan grannsvæðis vatnsverndar og innan svæðis á náttúruminjaskrá og er meginatriði að Vegagerðin tryggji að verktökum verði gerð grein fyrir því hvaða reglur gilda um framkvæmd á vatnsverndarsvæði. Skeringar við Skriðuvatn eru nauðsynlegar og fyllingar út í vatnið en leggja verður áherslu á að þær verði í lágmarki, þó þær séu á svæði sem þegar hefur verið raskað og vandað verði til frágangs. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að gengið sé frá aflögðum vegamannvirkjum þannig að þau verði ekki til lýta í landi og ef þau eru ekki fjarlægð að þá liggi fyrir hver er eigandi og umsjónaraðili þeirra.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Hringvegur um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal, Fljótsdalshéraði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og starfsleyfi fyrir starfsmannabúðum skv. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 m.s.br., ef verktaki reisir slíkar búðir og vegna mötuneytis og neysluvatnsveitu skv. matvælaeaglugerð nr. 522/1994 m.s.br. ef um slíkt er að ræða. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast vegna efnistöku sbr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og 38. gr. þar sem framkvæmdin er á svæði á náttúruminjaskrá. Leita ber eftir heimild veiðimálastjórnar Landbúnaðarstofnunar vegna efnistöku í og við árfarvegi í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. september 2006.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Fljótsdalshérað, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Landbúnaðarstofnun-veiðimálastjórn og Umhverfisstofnun.